

Ný menntun í takt við kröfur samtímans: Tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands

INNGANGUR

Í greininni er fjallað um aðdraganda og þróun náms í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Leitast er við að svara því hvað kallaði á nám í tómstunda- og félagsmálafræði, hvaða meginþættir einkenna námið og hvaða þörfum er mikilvægt að nám á þessu sviði mæti. Á þeim rúmu 10 árum sem liðin eru frá því að fyrstu nemendur útskrifuðust með BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði hefur orðið til nýr faghópur sem starfar á fjölbreyttum vettvangi. Í greininni er dregin upp mynd af þessum vettvangi og mikilvægi fagmenntunar í að efla fagmennsku og stuðla að rannsóknar- og þróunarstarfi.

AÐDRAGANDI NÁMS Í TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI

Nám í tómstunda- og félagsmálafræði varð til fyrir þrýsting frá fagstétt í mótun, þ.e. starfsfólki sem starfaði á vettvangi frítímans. Þessi nýja fagstétt varð til á Íslandi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar, m.a. með tilkomu félagsmiðstöðva í Reykjavík og víðar sem kallaði á starfsfólk (Árni Guðmundsson, 2007). Þessum breytingum fylgdi markvissari þróun á skipulagi og starfsemi félags- og tómstundastarfs hjá sveitarfélögum. Frjálsum félagasamtökum hafði einnig fjölgað og fjöldi fólks starfaði innan þeirra (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008). Í kjölfarið jukust smám saman kröfur um faglega færni og starfsfólkið fór að leita sér menntunar. Á níunda áratugnum fóru til að mynda margir í nám til Svíþjóðar eða Danmerkur til að læra tómstundafræði.

Samhliða því að starfsfólkið sótti í nám erlendis hófu stærri sveitarfélög á Íslandi að þróa og efla sí- og endurmenntun sína. Til marks um það þróaði Gísli Árni Eggertsson hjá Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkur (ÍTR) á níunda áratugnum fræðslustarf að

erlendri fyrirmynd: grunnnámskeið, framhaldsnámskeið og smiðjur, samtals um 180 stundir. Þegar fræðslustarfið var orðið umfangsmikið var komið á fót sérstakri nefnd sem hafði umsjón með menntun starfsfólks innan ÍTR og hlaut hún nafnið Mennta- og fræðslunefnd ÍTR, oft kölluð Menn og fræ. Nefndin beitti sér fyrir því að boðið yrði upp á valnámskeið í tómsundafræði á sjötta misseri í kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) á árunum 1993–1996, ásamt vikulöngu sumarnámskeiði fyrir starfandi kennara (Jakob Frímánn Þorsteinsson, 2000). Í Leiðarljósum Menn og fræ fyrir árið 1999 kom fram að nefndin ætlaði að halda áfram að „vinna fylgi við þá hugmynd að koma á formlegu námi fyrir starfsmenn á vettvangi frítímans“ (Jakob Frímánn Þorsteinsson, 1998, bls. 1). Þrátt fyrir valnámskeiðið virtist ekki mikill skilningur eða áhugi vera innan KHÍ á því að bjóða heildstætt nám á sviði tómsundafræða.

Á Menntaþingi frjálsra félagsamtaka árið 1999 var markmiðið að ræða um kröfur sem á þeim tíma voru gerðar til þeirra sem störfuðu með börnum á vettvangi frítímans og hvernig leiðbeinendur og leiðtogar yrðu best þjálfaðir og menntaðir til að standast þær kröfur (Menntaþing, 1999). Þingið samþykkti ályktun þar sem menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi voru hvattar til að bjóða upp á nám fyrir leiðtoga og leiðbeinendur í frístundastarfi (Menntaþing, 1999). Háskólasamfélagið brást við þessum hræringum og um aldamótin var unnið innan nokkurra menntastofnana að því að móta tillögur og skoða leiðir í menntun í tómsundafræðum.

Í fyrsta lagi urðu breytingar á námi íþróttakennara þegar það fór á háskólastig (og var lengt úr tveimur árum í þrjú). Í endurskoðuðu námi var boðið upp á námskeið í tómsundafræði og áform voru um sérstakt félagsmála- og tómsundasvið. Í öðru lagi áformaði Háskóli Íslands (HÍ) að bjóða þriggja missera (45 eininga) diplómanám í uppeldis- og félagsstarfi haustið 2000. Námið byggðist á því að raða saman ýmsum námskeiðum sem voru þá þegar í boði í félagsvísindadeild HÍ ásamt því að vera með eitt námskeið (4 einingar) í tómsundafræðum. Í þriðja lagi lýsti Símenntunarstofnun KHÍ, að frumkvæði fræðslustjóra ÍTR, yfir vilja til að bjóða upp á diplómanám haustið 2000. Í fjórða lagi var umræða innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri um nám á sviði tómsunda eða íþróttá (Jakob Frímánn Þorsteinsson, 2000).

Það er mat höfundar að opinn fundur áhugafólks um menntun þeirra sem starfa á vettvangi frítímans, sem haldinn var í Félagsmiðstöðinni Frostaskjólí þann 10. maí 2000, hafi ekki síður valdið straumhvörfum en menntaþingið sem greinir frá hér að framan. ÍTR stóð fyrir fundinum og þar kynnti Jaenette Forslund, rektor fritidsledarnámsins við Göteborgs folkhögskole, námið í Svíþjóð og Jakob Frímánn Þorsteinsson kynnti hræringar í menntun á háskólastigi á Íslandi. Á fundinum voru fulltrúar HÍ og KHÍ ásamt áhugafólki um málið. HÍ hafði tekið forystu með því að bjóða diplómanám í tómsundafræðum árið 2000 í samstarfi félagsfræðiskorar, félagsráðgjafarskorar og uppeldis- og menntunarfræðiskorar. Í diplómanáminu var eitt námskeið í tómsundafræði auk hefðbundinna námskeiða í uppeldis- og menntunarfræði, félagsfræði, afbrotufræði og stjórnun, ásamt valnámskeiðum. Haustið 2003 var svo einnig hægt að taka tómsundafræði sem aukagrein sem nú samsvarar 60 ECTS (Helgi Gunnlaugsson og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, 2003).

Stjórnendur KHÍ vildu taka forystuna þegar ljóst var að fleiri aðilar væru að fara af stað með nám í tómstundafræðum. Var því ákveðið að KHÍ byði upp á nám í tómstunda- og félagsmálafræði frá og með haustinu 2001.

Ýmislegt annað hafði áhrif á þróun menntunar á þessu sviði. Gerð var námskrá fyrir félags- og tómstundabraut í framhaldsskólum og hún tók gildi 2004. Námið var skilgreint sem 72 eininga sjálfstætt starfsnám, ætlað til þess að undirbúa nemendur fyrir störf að æskulýðs-, tómstunda- og félagsmálum og í félagsmiðstöðvum, skólum og íþrótt- og félagasamtökum. Þar eru skilgreind markmið starfsnáms fyrir starfsfólk á vettvangi frítímans, í svokallaðri frítímafræði (Menntamálaráðuneytið, 2004). ÍTR hefur löngum sýnt þróun náms á þessu sviði mikinn áhuga og stuðning. Fyrirgreind námskrá fyrir framhaldsskóla var unnin m.a. af sérfræðingum frá ÍTR. Einnig var diplómanámið við HÍ byggt upp í samstarfi við og með stuðningi frá ÍTR (Menntamálaráðuneytið, 2003).

ÞRÓUN GRUNNNÁMS Í TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI

Eftir að ákvörðun var tekin í KHÍ um að byrja með nám í tómstunda- og félagsmálafræði var hafist handa við samningu námskrár og námskeiðslýsinga. Helgi Grímsson kennari, ásamt Erlingi Jóhannssyni og fleirum við þáverandi íþróttaskor KHÍ á Laugarvatni, leiddi undirbúning að námi í tómstunda- og félagsmálafræði. Eftir að Helgi hvarf til annarra starfa var Vanda Sigurgeirsdóttir ráðin umsjónarmaður námsins.

Til að byrja með var um 45 eininga starfstengt diplómanám að ræða, eingöngu í fjarnámi. Samsetning námsins var með öðru sniði en hjá HÍ því að flest námskeiðin voru skipulögð frá grunni og námskeið sem fjölluðu um tómstundir mismunandi aldurs hópa voru þar hryggjarstykkið. Um 25 nemendur hófu nám haustið 2001 og störfuðu flestir þeirra í félagsmiðstöðvum og við stjórnun æskulýðsmála víða um land. Fyrstu nemendurnir útskrifuðust með diplómagráðu í tómstunda- og félagsmálafræði vorið 2003 en þá hafði þegar verið tekin sú ákvörðun að lengja námið upp í 90 eininga (nú 180 ECTS) nám til BA-gráðu. Var það ekki síst vegna óska frá nemendum.

Í fyrstu tilheyrði námið íþróttufræðináminu á Laugarvatni en árið 2003 varð námið að sjálfstæðri námsbraut (Kennaraháskóli Íslands, 2003). Vorið 2005 útskrifuðust fyrstu nemendurnir með BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði. Það ár hófst endurskoðun á öllu námi við KHÍ. Gerð var könnun meðal nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði á viðhorfum nemenda til námsins vegna fyrirhugaðar breytingar á uppbyggingu námsins og inntaki (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2005). Breytingarnar, sem komu til framkvæmda haustið 2007, voru að hluta til byggðar á niðurstöðum könnunarinnar og mörkuðu þær veruleg þáttaskil því þá var grunnnámið með nokkuð breyttu sniði; námskeiðum fækkað, sum tekin út og önnur stækkuð. Stærsta breytingin var að boðið var upp á tómstunda- og félagsmálafræði til M.Ed.-gráðu. Einnig gerðist það að tómstundabraut og þroskaþjálfabraut voru sameinaðar í eina. Ekki stóð þessi sameining brautanna lengi því við sameiningu Háskóla Íslands og

Kennaraháskóla Íslands sumarið 2008 var ákveðið að tómsunda- og félagsmálafræði yrði aftur gerð að sjálfstæðri námsbraut og nú sem hluti af íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild við Menntavísindasvið HÍ.

Við sameininguna færðist diplómanám í tómsundafræði í félagsvísindadeild HÍ yfir til námsbrautar í tómsunda- og félagsmálafræði á Menntavísindasviði og einnig var tekið upp staðnám en fram til þess tíma hafði eingöngu verið boðið upp á fjar-nám. Haustið 2009 hófu fyrstu staðnemarnir nám og er óhætt að segja að staðnámið hafi gefist vel og því fylgt heilmiklar breytingar á kennsluháttum. Árið 2014 er staðan þannig að meirihluti nemenda velur að taka námskeiðin í staðnámi en þó er um fimmtingur nemenda í hverju námskeiði í fjarnámi.

Til loka árs 2013 hafa samtals 119 nemendur útskrifast með BA-gráðu í tómsunda- og félagsmálafræði og sjö nemendur hafa útskrifast með M.Ed.-gráðu. Nú leggja 23 nemendur stund á meistaranám í fræðigreininni og í grunnnáminu eru samtals 115 nemendur. Á þeim tæplega 15 árum sem hægt hefur verið að stunda háskólanám í tómsunda- og félagsmálafræðum hefur fagstéttin styrkst til muna.

INNTAK OG UPPBYGGING NÁMS Í TÓMSUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI

Námið í tómsunda- og félagsmálafræði er einkum ætlað þeim sem hafa áhuga á að starfa á vettvangi frítímans. Starfsvettvangurinn er víðtækur, svo sem félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, ungmennahús, íþróttafélög, grunnskólar, leikskólar, starf með öldruðum og fötluðum, frjáls félagsamtök, fyrirtæki og skrifstofur íþróttá- og tómsundamála.

Grunnám í tómsunda- og félagsmálafræði er í heild 180 einingar. Skyldunámskeið eru samtals 155 einingar, bundið val 15 einingar og frjálst val 10 einingar. Megináherslur í náminu eru tómsundafræði mismunandi aldurshópa, reynslumiðað nám, óformlegt og formlaust nám, félagsuppeldisfræði, lýðræði og tómsundamenntun, ásamt áherslu á að þroska nemendur sem einstaklinga og efla þá sem hóp. Í náminu er lögð rík áhersla á tengingu fræða og starfsvettvangs svo og eitt af mikilvægustu hlutverkum tómsundafræðingsins, sem er að vera málsvari, þ.e. geta staðið vörð um réttindi þátttakenda og fengist við álitamál.

Í náminu er lögð áhersla á að vinna með reynslumiðuðum hætti (e. experiential learning) og að nemendur læri af athöfnum sínum í námi og starfi. Kennarar leitast við að búa til ferli þar sem nemandinn byggir upp þekkingu, öðlast færni og þroskar gildismat sitt, m.a. með beinni reynslu. Rík áhersla er á virkni nemenda þannig að þeir ígrundi reynslu sína og meti hana á gagnrýninn hátt og dragi af henni lærdóm sem leiði til breytinga á skilningi og hegðun. Þessa áherslu í námi kalla sumir „að læra með höfði, hjarta og hendi“.

Það er nokkur áskorun – og jafnvel mótsögn – fólgin í því að beita hefðbundnum, formlegum kennsluaðferðum sem einkenna nám í háskóla við að mennta fagstétt sem starfar að verulegu leyti við óformlegt nám. Kennarar eru meðvitaðir um þetta og fram kemur í könnunum meðal nemenda í Háskóla Íslands að óvíða í öllum háskólanum er

beitt jafn fjölbreyttum kennsluaðferðum og í tómsunda- og félagsmálafræði (Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, e.d.).

ÁLITAMÁL OG FRAMTÍÐARSÝN

Á rúnum áratug hefur verið byggt upp og þróað heildstætt nám sem mæta á þörfum nýrrar fagstéttar sem starfar á vettvangi sem er í stöðugri þróun. En hvaða hæfni og þekkingu þurfa þeir einstaklingar að hafa til að bera sem starfa á þessum vettvangi? Þarfir starfsvettvangsins eru fjölbreyttar og mjög mikilvægt að menntunin taki mið af þeim. Kennarar hafa lagt ríka áherslu á þessi tengsl, bæði í kennslu og rannsóknnum, en undanfarin ár hefur verið leitast við að formgera það samstarf og gera það markvissara.

Önnur áleitin spurning sem kennarar og stjórnendur við brautina þurfa að spyrja sig er hvort menntunin í dag mæti kröfum framtíðar: Hvað vitum við um það sem framtíðin ber í skauti sér og hvernig framtíðarsamfélagið lítur út? Við vitum aftur á móti að á fagvettvanginum er mikil gerjun. Verulegar breytingar urðu á framboði og fyrirkomulagi á frístundaþjónustu sveitarfélaganna eftir hrun. Þar sem þessi þjónusta er ekki lögbundin var hún víða skorin niður eða sameinuð annarri starfsemi. Frjáls félagasamtök hafa verið að auka áherslu á fagmennsku og gæði, einkum í starfi með börnum og ungu fólki. Einkageirinn er með fjölbreytt framboð á frístundastarfi víða um land og oft er erfitt að greina þar mörk afþreyingar og starfs með áherslu á uppeldi í víðum skilningi. Stefnumörkun í málaflokknum af hálfu ríkisins er óljós og tómsunda- og frístundastarf í sveitarfélögum landsins býr við mjög mismunandi aðstæður, sem m.a. birtist í því að börn og ungmenni eiga mjög ólíka möguleika á þroskavænlegu tómsundastarfi.

Ýmis teikn eru á lofti um vaxandi mikilvægi þeirra óformlegu menntaferla sem eiga sér stað á vettvangi tómsunda, varðandi framþróun menntunar almennt. Leadbeater og Wong (2010) setja til að mynda fram áhugaverðar hugmyndir um það hvernig megi virkja krafta eða eðli hinna óformlegu menntaferla til nýsköpunar í menntun. Þau tala um að *læra af öfgunum* (e. learning from the extremes) og setja fram stefnumótandi leiðir fyrir stjórnvöld til að geta mætt áskorunum samtímans með nýsköpun í menntun. Áhersla er lögð á leiðir sem byggja á að vinna með samfélög í heild og skapa möguleika á *viðbót* við það nám sem fer fram innan hins formlega menntakerfis og einnig er unnið að *umbreytandi nýsköpun* (e. transformational innovation) í menntun. Markmiðið er að koma menntun til þeirra milljóna í heiminum sem ekki hafa aðgang að menntun – og líka til þeirra sem standa höllum fæti í menntakerfum þróaðra ríkja. Hér á landi er starfandi óformlegt menntakerfi, t.d. félagsmiðstöðvar og frístundaheimili, sem telja má að liggi á milli hins formlega og formlausa náms. Getur verið að vænlegur möguleiki á framþróun og nýsköpun í menntamálum á Íslandi liggi innan þessara kerfa?

Þær spurningar sem hér eru settar fram skipta miklu máli varðandi þróun náms og rannsókna á sviði tómsundafræða. Ýmislegt jákvætt er í farvatninu sem vert er að nefna. Orðanefnd hefur hafið vinnu við gerð iðorðasafns í tómsundafræði og mikill áhugi er á að efla gerð námsefnis í samstarfi við fagfélög. Rannsóknarvirkni

akademískra starfsmanna brautarinnar er að aukast og tryggja þarf að rannsóknir eflist enn frekar með auknu samstarfi, m.a. við Háskólann á Akureyri. Nám í tóms- tunda- og félagsmálafræði hefur stuðlað að aukinni fagmennsku og það hefur átt sér stað mikil þekkingarsköpun á ákveðnum sviðum innan tóms- tundafræða. Mikilvægt er að halda áfram að þróa nám og rannsóknir með þarfir samtímans í huga en hafa ávallt hina óvissu framtíð að leiðarljósi.

HEIMILDIR

- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992*. Hafnarfjörður: Höfundur.
- Háskóli Íslands. (2012). Kennsluskra 2012–2013: Íþrótt-, tóms- tunda og þroskaþjálf- deild. Sótt af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=25541>
- Helgi Gunnlaugsson og Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2003, 20. maí). Háskólanám í tóms- tundafræði. *Morgunblaðið*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/731869/>
- Jakob Frímánn Þorsteinsson. (1998). *Leiðarljós Menn og fræ: Megináherslur í fræðslumál- um ÍTR árið 1999*. Óútgefin gögn.
- Jakob Frímánn Þorsteinsson. (2000). *Minnispunktur um stöðu menntunar í tóms- tunda- málum*. Óútgefin gögn.
- Kennaraháskóli Íslands. (2003). *Náms- og kennsluskra háskólaárið 2003–2004*. Reykjavík: Höfundur.
- Leadbeater, C. og Wong, A. (2010). *Learning from the extremes*. San Jose: Cisco Systems. Sótt af http://www.cisco.com/web/about/citizenship/socio-economic/docs/LearningfromExtremes_WhitePaper.pdf.
- Menntamálaráðuneytið. (2003). *Úttekt á stöðu félags- og tóms- tundamála ungs fólks á Íslandi: Skýrsla nefndar og tillögur*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskra framhaldsskóla: Félagsmála- og tóms- tunda- braut*. (2004). Reykjavík: Höfundur.
- Menntaþing. (1999). *Menntaþing frjálsra félagasamtaka: Leiðtogar á nýrri öld*. Reykjavík: Undirbúningsnefnd Menntaþings.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2008). Frjáls félagasamtök og sjálfbodaðastörf á Íslandi. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka* (bls. 21–41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2005, október). *Rannsókn meðal nemenda í tóms- tunda- og félags- málafræði við Kennaraháskóla Íslands*. Erindi flutt á ráðstefnu Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob Frímánn Þorsteinsson. (e.d.). *Gæði og gagnsemi náms í tóms- tunda- og félagsmálafræði: Rannsókn meðal brautskráðra nemenda 2005–2012*. (Óbirt handrit).

UM HÖFUNDINN

Jakob Frímann Þorsteinsson (jakobf@hi.is) er aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður námsbrautar í tómsunda- og félagsmálafræði. Hann lauk B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands árið 1993 og MA-prófi í náms- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands árið 2011. Hann hefur unnið lengi við tómsunda- og skólastarf, m.a. í félagsmiðstöðvum, við faglega stjórnun, í grunnskóla og verið virkur í ýmsum æskulýðsfélögum. Helstu rannsóknarviðfangsefni hans eru á sviði útináms og tómsunda- og menntunarfræða.